

**UTL****ÚTLENDINGASTOFNUN**
DIRECTORATE OF IMMIGRATION**B-300**

Móttekið:

UTL-númer:

Umsókn um ótímabundinn rétt til dvalar fyrir breska ríkisborgara með tímabundinn dvalarrétt á Íslandi sem var skráður fyrir 1. janúar 2021

Fyrir hvern er umsóknareyðublaðið?

Umsóknareyðublaðið er fyrir breska ríkisborgara sem fengu útgefinn tímabundinn rétt til dvalar á Íslandi fyrir 1. janúar 2021 og hafa nú uppfyllt skilyrði um fimm ára búsetu á Íslandi til að sækja um ótímabundinn rétt til dvalar.

Hvernig er umsókn lögð fram?

Umsóknir er aðeins hægt að leggja fram á pappírformi, annað hvort í þar til gerðan póstkassa í anddyri Útlendingastofnunar að Dalvegi 18 í Kópavogi eða með því að senda umsókn í bréfpósti á sama heimilisfang. Einnig er hægt að leggja inn umsóknir hjá embættum sýslumanna utan höfuðborgarsvæðisins.

Það er á ábyrgð umsækjanda að leggja fram fullnægjandi gögn. Ef fullnægjandi gögn berast ekki með umsókninni getur það leitt til þess að afgreiðsla umsóknar tefjist eða að umsókninni verði synjað.

Útlendingastofnun getur óskað eftir viðbótargögnum þegar sérstakar ástæður mæla með því.

Ekki þarf að greiða fyrir umsókn en greiða þarf afgreiðslugjald fyrir útgáfu dvalarskírteinis þegar endurnýja þarf kort.

1. Umsækjandi

Eiginnafn						
Kenninafn						
Kennitala / Fæðingardagur						
Kyn	<input type="checkbox"/>	Karl	<input type="checkbox"/>	Kona	<input type="checkbox"/>	Kynsegin/annað
Ríkisfang			Símanúmer			
Heimilisfang						
Póstnúmer			Netfang			
Ferðaskilríki (númer)			Útgáfudagur		Gildistími	

2. Umboðsmaður

Umsækjandi þarf aðeins að fylla út þennan lið umsóknar vilji hann hafa umboðsmann. Umboðið gildir aðeins fyrir afgreiðslu þessarar umsóknar. Aðeins einn einstaklingur eða lögaðili getur verið umboðsmaður hverju sinni. Óski umsækjandi eftir að fella umboð niður eða skrá nýjan umboðsmann skal hann tilkynna Útlendingastofnun það skriflega.

Upplýsingar um umboðsmann

Nafn	
Kennitala/fæðingardagur	
Heimilisfang	
Símanúmer	
Netfang	
Öryggistala*	

*Velja þarf **fjögurra stafa öryggistölu** sem gefa verður upp til að fá upplýsingar um mál umsækjanda hjá Útlendingastofnun. Öryggistöluna þarf að meðhöndla líkt og lykilorð og skal hún aðeins vera á vitorði þeirra er málið varðar.

3. Mundir þú eftir öllu?

Útlendingastofnun mælir með því að þú notir gátlistann hér að neðan til að kanna hvort umsóknin sé fullnægjandi.

Gátlisti umsækjanda

- | | |
|--------------------------|--|
| <input type="checkbox"/> | Ljósrit vegabréfs (persónusíða og rithandarsýnishorn). |
| <input type="checkbox"/> | Undirritun. Muna þarf að undirrita umsóknina. |

4. Dagsetning og undirskrift

Útlendingastofnun kann að afla frekari upplýsinga um þig hjá innlendum og/eða erlendum aðilum sé það nauðsynlegt vegna umsóknarinnar til þess að tryggja að upplýsingar séu réttar og/eða sannreyna gildi vottorða. Ávallt er gætt að lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 við upplýsingaöflun. Útlendingastofnun, kærunefnd útlendingamála, Þjóðskrá Íslands, barnaverndaryfirvöldum og lögreglu er heimil vinnsla og miðlun persónuupplýsinga samkvæmt nánari fyrirmælum í lögum um útlendinga og lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Sömu aðilum er auk þess heimilt að afla upplýsinga hjá skattayfirvöldum, Vinnumálastofnun og félagsþjónustu sveitarfélaga til þess að tryggja að dvöl þín sé lögleg. Verð umsóknin samþykkt, áframsendir Útlendingastofnun upplýsingar til Þjóðskrár Íslands sem eru nauðsynlegar vegna skráningar í þjóðskrá.

Upplýsingar um þig kunna að vera notaðar við vinnslu seinni umsókna og/eða umsókna fjölskyldumeðlima til að tryggja að upplýsingar séu réttar. Á gildistíma dvalarleyfis kann Útlendingastofnun að taka gögn þín til skoðunar berist upplýsingar um breyttar aðstæður eða gildi gagna. Rangar eða villandi upplýsingar geta leitt til synjunar dvalarleyfis, afturköllunar og hugsanlega brottvísunar. Röng upplýsingagjöf til Útlendingastofnunar er brot á lögum um útlendinga og refsiverð samkvæmt almennum hegningarlögum nr. 19/1940.

Persónuverndarstefnu Útlendingastofnunar má [nálgast á vef stofnunarinnar](#).

Ég staðfesti að ég hef lesið ofangreindar upplýsingar og að allar upplýsingar sem ég hef gefið í tengslum við umsókn mína um ótímabundinn rétt til dvalar eru sannar og réttar.

Ég óska eftir að samskipti Útlendingastofnunar við mig séu í gegnum:

Tölvupóst Hefðbundinn bréfpóst

Staður, dagsetning og undirskrift umsækjanda

Staður	
Dagsetning	
Undirskrift umsækjanda	